

3. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 vegna Flúðaskóla haldinn fimmtudaginn 29. nóvember 2018 kl. 13.00.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð og Jón Bjarnason (D og óháðir). Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi foreldraráðs, Einar Bjarnason og Sigurður Unnar Sigurðsson, fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir) boðaði forföll og mætti Jón Bjarnason í hennar stað. Fríður Sæmundsdóttir boðaði einnig forföll með skömmum fyrirvara og því hafði Margrét Guðmundsdóttir ekki tök á að mæta í hennar stað.

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI, FUNDARHERBERGI 2. HÆÐ

DAGSKRÁ:

- 1. Erindisbréf skólanefndar**
 - 2. Innra og ytra mat skv. 17. tölulið gátlista f/skólanefndir**
 - 3. Skýrsla skólastjóra**
 - 4. Breyting á skóladagatali**
 - 5. Bréf Persónuverndar, ódagsett – ábendingar fyrir skólasamfélagið**
 - 6. Til upplýsinga/kynningar**
 - a. **tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga um áætluð framlög til nýbúafræðslu árið 2018**
 - 7. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi**
-

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdu við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir gerðar. Gengið var til dagskrár.

1. Erindisbréf skólanefndar

Formaður fór yfir endurskoðað erindisbréf nefndarinnar.

Skólanefnd samþykkir samhljóða erindisbréfið eins og það er lagt fram á fundinum.

2. Innra og ytra mat skv. 17. tölulið gátlista f/skólanefndir

Skólastjórnendur, ásamt stýrihópi um sjálfsmat skólans, eru búin að fara yfir þær upplýsingar sem lúta að sjálfsmati og skoða þær sérstaklega með lið 17, í gátlista fyrir skólanefndir, til samanburðar.

Niðurstaða hópsins er að þeir liðir sem koma fram í gátlistanum séu til staðar á heimasíðu skólans, ýmist í skólanámskrá, árskýrslum verkefna/stiga og í sjálfsmatsskýrslum.

Jafnframt setti hópurinn sér áætlun um hvernig unnið verður úr því mati sem framkvæmt verður á þessu skólaári.

1. Skólapúlsinn, nemendahluti.
2. Socratess, fyrir kennara.
3. Mentor, könnun um líðan í Mentor. Unnið fyrir foreldraviðtal.
4. Stafsmannaviðtol.

JS
ML
JF
JL
PP
FP
SUS.

Þá er einnig búið að uppfæra sjálfsmatsáætlun og hún komin inn á heimasíðu skólans.

3. Skýrsla skólastjóra

Skóli, haustið 2018, var settur 21. ágúst. 97 nemendur eru skráðir í skólann, stöðugildi kennara eru 12,8 stuðningsfulltrúa og skólasels 3,3, eldhús 2,1, ræsting 1,3, ritari 0,5 og stjórnun 2,2.

Skólahaldið hefur gengið vel og því má þakka frábærum nemenda- og starfsmannahópi. Auk þess sem við höfum haft hefðbundna skóladaga hefur verið heilmikið af bæði utanaðkomandi heimsóknum og allskonar uppbroti í skólastarfinu. Reglulega eru settar upplýsingar um margskonar viðburði inn á facebook síðu skólans.

Þá hafa nemendur einnig farið í ýmiskonar ferðir. 10. bekkur fór í sína árlegu Danmerkurferð og 8. bekkur fór í hópeflisferð í Myrkhol og gisti eina nótt. Gengu þessar ferðir, að vanda mjög vel.

Starfsmenn lögðu svo land undir fót og héldu til Póllands í náms- og kynnisferð 19.-23. október 2018. Alls fór 21 starfsmaður í ferðina. Tilgangur ferðarinnar var þríþættur:

1. Kynnast lítillega Pólland og menningu þess, en þangað eiga margir nemendur skólans rætur sínar að rekja.
2. Endurmenntun kennara og annarra starfsmanna.
3. Þéttu og efla starfsmannahópinn sem held.

Í Póllandi var farið í tvær skólaheimsóknir. Önnur var í skóla sem leggur mikla áherslu á forritun og er framarlega í róbótakennslu. Við fengum að sitja kennslustund þar sem róbót var notaður þannig að nemendur þurftu að stýra honum að réttu svari. Það sem var ekki síður áhugavert var hvernig kennarinn samþætti ensku og stærðfræðikennslu. Einnig fengum við að fylgjast með nemendum í hópavinnu á nokkrum stöðvum, þar fengu kennarar góðar hugmyndir.

Seinni skólaheimsóknin var í skóla sem er skóli án aðgreiningar. Þar var hlutfall nemenda með fötlun ansi hátt og mikill búnaður sem því fylgdi. Þar fengum við að fara inn í margar kennslustofur og fylgjast með. Líklega voru flestir bara ánægðir með aðbúnað nemenda í Flúðaskóla almennt eftir þá heimsókn.

Í Elblag fengum við að heimsækja nokkurs konar „félagsmiðstöð“. Þar gátu nemendur úr öllum skólum borgarinnar skráð sig í smiðjur eftir skóla. Aðbúnaður þar var ótrúlega góður, t.d. listasmiðja, tónlistarsmiðja og fleira. Þarna bauðst nemendum að taka námskeið og fá kennslu í þeim list- og verkgreinum sem þeim hugnaðist.

Þá var hópurinn skráður í hópefli sem fór fram í miðborg Gdansk. Við fengum ýmiskonar þrautir sem þurfti að leysa til að komast á næsta áfangastað. Fengum vísbendingar í Ipad og stóðum skil á verkefnum þar. Eflaust hugmynd sem vert er að kíkja á.

Ferðin tókst að öllu leyti mjög vel og er það ómetanlegt þegar starfsmannahópurinn fær tækifæri til að fara í svona ferð, öðlast sameiginlega reynslu og þekkingu.

Hér má sjá dæmi um viðburði sem nemendur hafa tekið þátt í það sem af er skóla:

ÚT SUS.
JLA
NL FL

4. september Fyrirlestur um forvarnir gegn fíkniefnum.
13. september Gönguferð að hausti. Allur skólinn
18. september Björgunarfélagið Eyvindur með kynningu fyrir 8. - 10. bekk.
18. september Kynning á starfi ungmennaráðs Sameinuðu þjóðanna.
21. september Friðarhlaupið – Allir nemendur
25. september Forvarnarfræðsla – farið á myndina Lof mér að falla með 9. og 10. bekk.
26. september Ólympíuhlaup ÍSÍ – allir nemendur
3. október Forvarnardagurinn – Haldinn á hverju hausti og er sérstaklega beint að 9. bekk.
Dagurinn er samstarf nokkurra aðila s.s. Landlæknisembættis, ÍSÍ, UMFÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
8. október Sigga Dögg, kjaftað um kynlíf – 9. og 10. bekkur.
10. október Yngsta stig í haustferð
16. október Menningarferð miðstigs til Reykjavíkur.
24. október Skáld í skólum – miðstig
25. október Skáld í skólum – yngsta stig
1. nóvember 9. og 10. bekkur í heimsókn í ML
15. nóvember Halldórsmótið í skák
16. nóvember Dagur íslenskrar tungu – Fullveldi Íslands 1918 - 2018
19. og 20. nóv. Nemendur í 9. og 10. bekk í starfskynningar
21. nóveber List fyrir alla – 7. – 10. bekkur. Skuggamynd stúlkuna, farandleiksýning fyrir unglingsu um hlutverk þeirra sem verða vitni að einelti.

Hér má sjá dæmi um viðburði sem hafa verið í boði fyrir foreldra það sem af er skóla:

4. sept. Skólfærninámskeið fyrir foreldra nemenda í 1. og 2. bekk.
kynningafundur fyrir foreldra 8. og 9. bekkjar
11. september Kynningafundur fyrir foreldra 3. - 7. bekkjar
18. september Kynningar- og myndakvöld vegna Danmerkurferðar 10. bekkjar
8. október Sigga Dögg, kjaftað um kynlíf – Fyrirlestur fyrir foreldra.
16. nóvember Dagur íslenskrar tungu – Hátíðardagskrá, fullveldi Íslands 1918 – 2018

Einn kennari er kominn í veikindaleyfi. Ekki er vitað með vissu hversu lengi hann verður í burtu, en búast má við 3 – 6 mánuðum. Verið er skoða hvernig við leysum fjarveruna en vonir standa til að málið leysist innanhúss.

Skýrslan rædd og samþykkt samhljóða.

4. Breyting á skóladagatali

Formaður fór yfir breytingu sem gerð er á dagatali skólans. Um er að ræða dagsetningu árshátíðar 1. – 7. bekkja skólans. Lagt er til að hátíðin fari fram 3. apríl 2019 í stað 20. mars 2019.

Samþykkt samhljóða.

5. Bréf Persónuverndar, ódagsett – ábendingar fyrir skólasamfélagið

Formaður lagði fram bréf Persónuverndar til kynningar. Þar eru nánari ábendingar og skýringar á framkvæmd nýrra persónuverndarlaga.

6. Til upplýsinga/kynningar

a. tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga um áætluð framlög til nýbúafræðslu árið 2018


Formaður lagði efni ofangreinds tölvupósts fram til kynningar.

7. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi.

a) Gátlistinn. Tekinn verði fyrir 18. liður á næsta fundi.

Næsti fundur verði haldinn fimmtudaginn 31. janúar kl. 13.00.

Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 13.55.



The image shows four handwritten signatures in blue ink. From top to bottom: 1) A signature that appears to be 'Glaðan' or 'Glaðan Þorsteinsdóttir'. 2) A signature that appears to be 'Ulfur Þórðarson'. 3) A signature that appears to be 'Margrét Þarsen'. 4) A signature that appears to be 'Frøyja Þorleifsdóttir'. 5) A signature that appears to be 'Jóhanna Ólafra Arnardóttir'. Below the first two signatures, there is handwritten text: 'Signature U. Sigurðarson' and 'Margrét Þarsen'.